

TILSKIPUN RÁÐSINS 92/75/EBE

frá 22. september 1992

um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Gera skal ráðstafanir til að koma smám saman á innri markaði fyrir 31. desember 1992.

Tiltekin aðildarríki hafa þegar komið á eigin frjálsum fyrirkomulagi á miðlun upplýsinga um orkunotkun heimilistækja, meðal annars með merkingum. Eitt aðildarríki hefur lagt til með formlegum hætti að tekið verði upp þess eigið lögboðið fyrirkomulag merkinga og önnur aðildarríki hafa slíkt í hyggju. Verði margt konar fyrirkomulag tekið upp á grundvelli landslaga gæti það leitt til viðskiptahindrana innan bandalagsins.

Í 130. gr. r í sáttmálanum er kveðið á um að nýta skuli auðlindir náttúrunnar af varúð og skynsemi. Skynsamleg orkunotkun er helsta leiðin til að ná þessu markmiði og draga úr umhverfismengun.

Ef veittar eru nákvæmar, viðeigandi og sambærilegar upplýsingar um staðlaða orkunotkun heimilistækja mun það verða til þess að almenningur velur fremur þau heimilistæki sem nota minni orku og knýja á um að framleiðendur geri ráðstafanir til að draga úr orkunotkun þeirra heimilistækja sem þeir framleiða. Enn fremur mun það með óbeinum hætti hvetja til hagkvæmrar nýtingar tækjanna. Þegar þessar upplýsingar liggja ekki fyrir nægja áhrif markaðsaflanna ein ekki til að ýta undir skynsamlega orkunotkun í heimilistækjunum.

Upplýsingar skipta höfuðmáli um virkni markaðsaflanna og því er nauðsynlegt að taka upp sams konar merkimiða fyrir öll heimilistæki sömu gerðar, veita hugsanlegum kaupend-

um staðlaðar viðbótarupplýsingar um orkukostnað heimilistækjanna og kostnað vegna annarra aðfanga til þeirra og gera ráðstafanir sem tryggja að hugsanlegir kaupendur, sem ekki gefst kostur á að sjá tækin í ústillingu og sjá því ekki merkimiðann, hafi einnig aðgang að þessum upplýsingum.

Því ber að mæla orkunotkun heimilistækjanna og taka saman aðrar upplýsingar um þau eftir samhæfðum stöðlum og aðferðum og skal fylgst með því við sölu tækjanna að þessum stöðlum og aðferðum sé framfylgt.

Í tilskipun 79/530/EBE ⁽⁴⁾ er leitast við að stuðla að framgangi þessara markmiða að því er varðar heimilistæki. Hins vegar hefur einungis ein framkvæmdartilskipun fyrir rafmagnsöfna verið samþykkt og fá aðildarríki hafa tekið upp þessar merkingar. Því er nauðsynlegt að læra af fenginni reynslu og skerpa ákvæði þeirrar tilskipunar. Því ber að setja aðra tilskipun í stað tilskipunar 79/530/EBE og endurskoða ber tilskipun 79/531/EBE ⁽⁵⁾ um áður nefnda rafmagnsöfna og fella hana síðar undir það fyrirkomulag sem komið verður á.

Algjörlega frjálst fyrirkomulag yrði til þess að einungis sum heimilistæki yrðu merkt eða stöðluð vörulýsing látin fylgja og þetta kynni að leiða til þess að neytendur ættu erfiðara með að átta sig. Það fyrirkomulag sem hér um ræðir verður því að tryggja að orkunotkun allra heimilistækja sé getið á merkimiða og staðlað upplýsingablað látið fylgja.

Heimilistæki nota margt konar orku, þó eru rafmagn og gas algengust. Í meginatriðum gildir þessi tilskipun því um heimilistæki, án tillits til þess hvaða orkugjafa þau nota.

Í tilskipun ráðsins nr. 86/594/EBE frá 1. desember 1986 um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum ⁽⁶⁾ er kveðið á um að geta skuli um hávaða frá tækinu á merkimiða um orkunotkun eftir því sem við á. Því ber að kveða á um að bæta skuli við öðrum upplýsingum og merkingum sem reglur bandalagsins taka til.

Einungis ber að geta um þær gerðir heimilistækja sem hafa umtalsverða samanlagða orkunotkun og hugsanlegt er að bæta megi orkunýtingu þeirra.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 235, 10. 9. 1991, bls. 5.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 125, 18. 5. 1992, bls. 172 og Stjútíð. EB nr. C 241, 21. 9. 1992.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. C 49, 24. 2. 1992, bls. 32.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 145, 13. 6. 1979, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 145, 13. 6. 1979, bls. 7.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 344, 6. 12. 1986, bls. 24.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

2. gr.

1. gr.

1. Tilgangur þessarar tilskipunar er að greiða fyrir samhæfingu innlendra ráðstafana um birtingu upplýsinga ásamt viðbótarupplýsingum, einkum með merkingu og vörulýsingu, um notkun tiltekinnna heimilistækja á orku og öðrum helstu aðföngum, og gera neytendum þannig kleift að velja þau heimilistæki sem nýta orku betur. Tilskipun þessi gildir um eftirfarandi gerðir heimilistækja, eins þó þau séu seld til annarra nota en á heimilum:

- kæliskápar, frystar og sambyggðir kæliskápar og frystar,
- þvottavélar, þurrkarar og sambyggðar þvottavélar og þurrkarar,
- uppþvottavélar,
- ofnar,
- vatnshitarar og heitavatnsgeymar,
- ljósastæði,
- loftræstibúnaður.

2. Heimilt er að bæta öðrum gerðum heimilistækja við listann í þessari grein í samræmi við b-lið 9. gr.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um merkiplötuna eða ígildi hennar sem sett er á heimilistæki í öryggisskyni.

4. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- *seljandi*: smásöluaðili eða annar sem selur, leigir, selur á afborgunarkjörum eða sýnir notendum heimilistæki
- *birgðasali*: framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans innan bandalagsins eða sá maður sem setur vöruna á markað í bandalaginu,
- *upplýsingablað*: staðlað yfirlit með upplýsingum um viðkomandi heimilistæki,
- *önnur helstu aðföng*: vatn, kemísk efni eða eitthvað annað sem tækið notar við venjulega notkun,
- *viðbótarupplýsingar*: aðrar upplýsingar sem lúta að afköstum/vinnslu heimilistækis og fjalla um eða nýttast við mat á orkunotkun þess eða notkun á öðrum helstu aðföngum.

5. Engin skylda hvílir á mönnum um merkingar eða að láta í té upplýsingablöð vegna tegunda sem eru ekki lengur framleiddar þegar viðkomandi framkvæmdartilskipun gengur í gildi eða vegna notaðra heimilistækja.

1. Vekja skal athygli neytenda á upplýsingum er varða raforkunotkun, aðra orkunotkun og notkun á öðrum helstu aðföngum og frekari upplýsingum með upplýsingablaði og merkimiða er tengist heimilistækjum sem boðin eru til sölu, leigu, sölu á afborgunarkjörum eða sýnd notendum.

2. Einstök atriði er varða merkimiða eða upplýsingablöð skulu skilgreind í tilskipunum um hverja gerð heimilistækja sem samþykktar verða samkvæmt þessari tilskipun í samræmi við 9. gr.

3. Taka skal saman tæknilegar upplýsingar sem nægja til að leggja mat á nákvæmni upplýsinganna á merkimiðanum og á upplýsingablaðinu. Þar komi fram:

- almenn vörulýsing,
- niðurstöður útreikninga í tengslum við hönnun þegar það á við,
- prófunarskýrslur ef þær eru til, þar með taldar þær skýrslur um prófanir sem tilkynntir aðilar hafa framkvæmt í samræmi við aðra löggjöf bandalagsins,
- sömu upplýsingar og veittar eru um svipaðar gerðir tækja ef tölulegar niðurstöður miðast við þær gerðir.

4. Birgðasalinn tekur saman þær tækniupplýsingar sem um getur í 3. mgr. Honum er heimilt í þessu skyni að nota upplýsingar sem þegar hafa verið teknar saman á grundvelli annarrar viðkomandi löggjafar bandalagsins. Birgðasalinn skal hafa þessar upplýsingar til reiðu vegna skoðana í fimm ár frá því að tækið var síðast framleitt.

3. gr.

1. Allir birgðasalar sem setja á markað heimilistæki sem tilgreind eru í framkvæmdartilskipunum skulu láta í té merkimiða í samræmi við þessa tilskipun. Merkimiðarnir sem notaðir eru skulu samræmast tilskipun þessari að öllu leyti og einnig framkvæmdartilskipunum.

2. Auk merkimiðanna skal birgðasalinn afhenda upplýsingablað. Þetta upplýsingablað skal fylgja öllum kynningarritum fyrir vörurnar. Láti birgðasalinn þau ekki í té ber honum að láta upplýsingablaðið fylgja öðru lesmáli sem fylgir heimilistækinu. Þau upplýsingablöð sem notuð eru skulu samræmast tilskipun þessari að öllu leyti og einnig framkvæmdartilskipunum.

3. Birgðasalarnir eru ábyrgir fyrir því að merkimiðarnir og upplýsingablöðin sem þeir afhenda séu rétt.

4. Líta ber svo á að birgðasali samþykki að upplýsingarnar sem koma fram á merkimiðanum eða upplýsingablaðinu megi birta.

4. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um merkingar og vörulýsingu:

- a) hvenær sem heimilistæki sem um getur í framkvæmdartilskipun er stillt út skal seljandiinn festa á það viðeigandi merkimiða á áberandi stað, eins og tilgreint er í viðkomandi framkvæmdartilskipun, og á viðeigandi tungumáli;
- b) birgðasaliinn lætur seljendum þeim er um getur í a-lið nauðsynlega merkimiða í té endurgjaldslaust. Birgðasölunum er frjálst að velja með hverjum hætti þeir afhenda merkimiðana. Biðji seljandi hins vegar um að fá merkimiða afhenta ber birgðasalanum að tryggja að umbeðnir merkimiðar verði afhentir tafarlaust.

5. gr.

Þegar viðkomandi heimilistæki er boðið til sölu, leigu eða sölu á afborgunarkjörum með póstpöntun, verðlista eða með öðrum hætti sem felur í sér að hugsanlegur kaupandi getur ekki séð tækið í ústillingu skal kveðið á um það í framkvæmdartilskipunum að gengið sé úr skugga um að hugsanlegur kaupandi fái allar helstu upplýsingar sem fram koma á merkimiðanum eða upplýsingablaðinu áður en hann festir kaup á heimilistækinu.

6. gr.

Í framkvæmdartilskipununum skal kveðið á um það að á merkimiðanum eða á upplýsingablaðinu verði getið um hávaða sem berst í lofti enda liggi slíkar upplýsingar fyrir samkvæmt tilskipun 86/594/EBE; einnig aðrar upplýsingar er varða viðkomandi heimilistæki og veittar eru samkvæmt annarri löggjöf bandalagsins.

7. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- a) allir birgðasalar og seljendur á yfirráðasvæði þeirra uppfylli skyldur sínar sem leiðir af tilskipun þessari;
- b) bannaðir verði aðrir merkimiðar, merkingar, tákn og áletranir varðandi orkunotkun sem samrýmast ekki kröfum þessarar tilskipunar eða viðkomandi framkvæmdartilskipunar og líklegt þykir að séu villandi eða misvísandi. Bann þetta gildir ekki um innlendar reglur eða reglur bandalagsins um vistmerkingar;
- c) um leið og komið er á tilhögun með merkimiðum og upplýsingablöðum um orkunotkun verði hleypt af

stokkunum fræðslu- og kynningarherferðum er miði að því að hvetja neytendur til ábyrgari orkunotkunar.

8. gr.

1. Sé ákvæðum þessarar tilskipunar eða viðkomandi framkvæmdartilskipunar fullnægt skulu aðildarríkin hvorki banna né takmarka sölu á heimilistækjum sem falla undir framkvæmdartilskipun.

2. Aðildarríkin skulu líta svo á að merkimiðar og upplýsingablöð samrýmist ákvæðum þessarar tilskipunar og framkvæmdartilskipananna nema færðar séu sönnur á hið gagnstæða. Þeim er heimilt að æskja þess að birgðasalarinn afhendi sannanir, í skilningi 3. mgr. 2. gr., um að upplýsingar sem fram koma á merkimiðunum eða upplýsingablöðunum séu réttar ef ástæða er til að ætla að svo sé ekki.

9. gr.

Ráðstafanir sem gerðar eru til að koma þessu fyrirkomulagi á fót og vinna samkvæmt því skulu samþykktar og lagaðar að tækniframförum í samræmi við þá tilhögun sem greinir í 10. gr. Þessar ráðstafanir ná yfir:

- a) framkvæmdartilskipanirnar;
- b) viðbætur við skrána yfir heimilistæki sem frá greinir í 1. mgr. 1. gr., enda sé líklegt að ná megi umtalsverðum orkusparnaði.

10. gr.

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. EBE-sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni skulu vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin samþykkir fyrirhugaðar ráðstafanir ef þær eru í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álitinu ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögur um ráð-

stafanir sem gera skal fyrir ráðið. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir nema einfaldur meirihluti í ráðinu hafi greitt atkvæði gegn þeim.

11. gr.

Þremur árum eftir að tilskipun þessi kemur til framkvæmda leggur framkvæmdastjórnin mat á framkvæmdina og þann árangur sem hefur náðst. Gera skal skýrslu um þetta mat sem send verður Evrópuþinginu og ráðinu.

12. gr.

Í framkvæmdartilskipununum skal eftirfarandi koma fram:

- a) nákvæm skilgreining á gerð þeirra heimilistækja sem þær taka til;
- b) þeir mælingastaðlar og aðferðir sem beita á til að afla þeirra upplýsinga sem getur í 1. mgr. 1. gr.;
- c) einstök atriði tækniupplýsinganna sem krafist er samkvæmt 3. mgr. 2. gr.;
- d) útlit og framsetning efnis á merkimiðunum sem um getur í 2. gr. en þess skal gætt eftir föngum að þeir séu sem líkastir;
- e) staðsetning merkimiðans á heimilistækinu. Í þeim er enn fremur hægt að kveða svo á um að merkimiðarnir verði festir eða prentaðir á umbúðirnar;
- f) framsetningu efnis og eftir atvikum útliti og öðru er varðar upplýsingablaðið eða frekari upplýsingar sem greinir í 2. mgr. 3. gr. Þær upplýsingar sem koma fram á merkimiðanum skulu einnig birtar á blaðinu;
- g) upplýsingar þær sem veita ber við sölu skv. ákvæðum 5. gr. og aðferðin við að koma þeim á framfæri.

13. gr.

Tilskipun 79/530/EBE er hér með felld úr gildi frá og með 1. janúar 1994.

Líta ber svo á að tilskipun 79/531/EBE sé til framkvæmdar þessari tilskipun að því er varðar rafmagnsöfn. Þó er aðildarríkjunum heimilt að fresta lögbindingu hennar allt til þess tíma sem ákveðinn verður í endurskoðaðri framkvæmdartilskipun um ofna sem sett verður í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 10. gr.

14. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg ákvæði til að fara að þessari tilskipun fyrir 1. júlí 1993. Þau skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir.

Þeim ber að lögleiða þessi ákvæði eigi síðar en 1. janúar 1994.

2. Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

15. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. september 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

R. NEEDHAM

forseti.